

GJALDSKRÁ

fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta.

1. gr.

Gjöld fyrir árlega skoðun á sjósetningarbúnaði gúmmíbjörgunarbáta skulu vera sem hér segir:

1. Sjósetningarbúnaður á skipum 15 metrar á lengd og lengri samkvæmt grein 7.2. reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, hvert skip . . . kr. 3 300
2. Sjósetningarbúnaður umfram kröfur, hver búnaður kr. 1 400
3. Losunarbúnaður samkvæmt grein 7.1 reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 kr. 2 200

2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af þeim aðilum, sem siglingamálastjóri hefur veitt heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í grein 7.5 reglna um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. 45. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 52/1970, sbr. l. nr. 52/1970 og l. nr. 18/1986, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 142/1986.

Samgönguráðuneytinu, 24. febrúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.